



Grenndarkynning

Kópavogi, 10. júní 2026  
26054610/501.03 KH

### **Dalsmári 1. Smáraskóli. Breytt deiliskipulag.**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 8. júní 2026 var samþykkt að grenndarkynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Dalsmára, lóð skólabyggingar Smáraskóla, fyrir hagsmunaaðilum á lóðunum nr. 1-7 við Dalsmára.

Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir núverandi færanlegar skólastofur stækkar til norðausturs um 19,7m x 22m svo hægt sé að koma fyrir 135,1 m<sup>2</sup> færanlegri skólastofu. Fyrirhuguð skólastofa er á einni hæð með flötu þaki. Hámarks þak- og vegghæð frá gólfi mun vera um 3.06 m.

Tillagan er sett fram á kynningaruppráttum dags. 4. júní 2026.

Ofangreind tillaga er aðgengileg í [Skipulagsgátt](http://www.skipulagsgatt.is), [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) málsnr. 736/2026, á vef Kópavogsbæjar <https://eldri.kopavogur.is/is/umhverfismal/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu> og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvött til að kynna sér tillöguna. Athugasemdum og ábendingum við ofangreinda tillögu skal skila í gegnum [Skipulagsgátt](http://www.skipulagsgatt.is) [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is), málsnr. 736/2026, eigi síðar en 12. júlí 2026.

Ef óskað er frekari upplýsinga um tillöguna má hafa samband við starfsfólk skipulagsdeildar með því að senda tölvupóst á [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is).

Vakin er athygli á að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð. Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar notar upplýsingar sem eru settar fram vegna athugasemda við skipulag til úrvinnslu og auðkenningar. Kópavogsbær er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og afhendir gögn til varðveislu til Þjóðskjalasafns Íslands.

**Vakin er athygli á 43. gr. skipulagslaga 123/2010 en þar segir meðal annars:**

- Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi og skal þá fara um breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Þó er ekki skylt að taka saman lýsingu, skv. 1. mgr. 40. gr., vegna breytinga á deiliskipulagi.
- Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan víkur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis.
- Við útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa getur sveitarstjórn heimilað að vikið sé frá ákvæði 2. mgr. þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

Virðingarfyllt,  
f.h. skipulagsfulltrúa

Karlotta Helgadóttir  
Fulltrúi skipulagsdeildar

